

Nd.

411. Nefndarálit

[52. mál]

um frv. til ættleiðingarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað itarlega um frumvarpið og fengið umsagnir frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Jafnréttisráði og Lögmannafélagi Íslands. Þá hefur nefndin kallað á sinn fund Lúðvík Ingvarsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og Ármann Snævarr hæstaréttardómara, sem er formaður þeirrar nefndar, sem samdi frumvarpið.

Nefndin hefur rætt um tilgang og áhrif ættleiðinga annars vegar og fósturs hins vegar, og sumir nefndarmanna vilja taka undir þau sjónarmið, sem telja ættleiðingu ýmsum annmörkum háða með hliðsjón af lagalegum og félagslegum afleiðingum.

Lög um ættleiðingu hafa verið í gildi hér á landi frá 1953 og er sú löggjöf sniðin eftir norrænni löggjöf. Ættleiðing er viðurkennd og framkvæmd hjá þeim þjóðum sem búa við svipaðar félagslegar og réttarlegar aðstæður og við Íslendingar.

Íslenskt þjóðfélag hefur vissa sérstöðu vegna fámennis og skyldleika, sem gerir ættleiðingu vandmeðfarnari ef og þegar rofin eru öll tengsl við kynforeldra. M. a. af þeirri ástæðu leggur nefndin áherslu á, að bæði kynforeldrar og kjörbörn séu rækilega frædd um lagaákvæði ættleiðingar og að börn séu frædd um kynforeldri sín, svo framarlega sem því verður við komið.

Nefndin taldi æskilegt, að fram fari hér á landi itarleg umræða og athugun á áhrifum ættleiðinga og hvort t. d. fóstur sé aðferð sem betur henti íslenskum aðstæðum.

Ekki er lagst gegn þessu frumvarpi, enda nauðsynlegt að löggjöf um ættleiðingu sé lagfærð, á meðan sú leið er farin í grundvallaratriðum. Að því leyti er frumvarpið til bóta og mælir allsherjarnefnd með samþykkt þess með tveim minni háttar breytingum.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Svava Jakobsdóttir var fjarverandi þegar nefndin lauk afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. mars 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Ingvar Gíslason, fundaskr., með fyrirvara.	Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Páll Pétursson, með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson.	Ingólfur Jónsson.